

SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ REYKJAVÍKUR

Skólanámskrá Grandaborgar



Reykjavík 2022

Innihald

Inngangur	2
Leikskólinn Grandaborg	2
Einkunnarorð Grandaborgar; vinátta – samkennd - virðing	3
Hugmyndafræði og áherslur í skólastarfi Grandaborgar	4
Námsumhverfi Grandaborgar.....	5
Leikur og nám	5
Lífsleikni	6
Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti	6
Umhverfismennt.....	6
Hlutverk kennarans	7
Grunnþættir	7
Námssvið leikskólans	8
Læsi og samskipti.....	9
Heilbrigði og vellíðan.....	11
Sköpun og menning.....	12
Sjálfbærni og vísindi	14
Samskipti og samstarf.....	15
Menntun án aðgreiningar – fjölbreytileiki í skólastarfi - sérkennsla.....	20
Mat á skólastarfi	22
Heimildir.....	24
Myndaskrá	25



Menntastefna Reykjavíkurborgar

Inngangur

Leikskólinn Grandaborg er einn af leikskólum Reykjavíkurborgar og starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla og menntastefnu Reykjavíkurborgar. Skóla- og frístundsvið (SFS) er rekstraraðili leikskólans.

Lögin kveða á um að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu, að hann sé fyrir börn undir skólaskyldualdri og hann annist uppeldi, umönnun og menntun barna að ósk foreldra.

Í Aðalnámskrá leikskóla segir meðal annars:

Aðalnámskrá leikskóla er ætlað að samræma menntun, uppeldi og umönnun leikskólabarna að því markmiði sem þörf er talin á auk þess að vera farvegur til að tryggja jafnrétti allra barna til menntunar og uppeldis ¹

Leiðarljós SFS er;

að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og að þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf

Hlutverk SFS er;

að veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélag og að vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Í menntastefna Reykjavíkurborgar segir í framtíðarsýninni að;

í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag ²

Leikskólinn Grandaborg

Leikskólinn Grandaborg hóf starfsemi sína í maí árið 1985 og þá sem þriggja deilda skóli með tvær leikskóladeildir og eina dagheimilisdeild. Árið 2008 var leikskólinn stækkaður um eina deild og lóðinni breytt. Árið 2012 var laus stofa sett á lóð leikskólans að norðan en hún var fjarlægð vorið 2016. Í dag er Grandaborg fjögurra deilda skóli og geta dvalið allt að 76 börn í leikskólanum samtímis.

Deildir leikskólans bera nöfn af nánasta umhverfi hans, sem er náttúran, fjaran og sjórinn. Heita þær; Fjöruvík, Bergvík (undirheiti Skelja- og Ölduvík) og Klettavík.

¹ Aðalnámskrá leikskóla, 2011 bls. 7

² Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030, 2019

Einkunnarorð Grandaborgar; vinátta – samkennd - virðing

Vinátta vegna þess að félagsleg nánd er mikilvæg í þroskaferli barnsins og getur hjálpað til við að mynda jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Góð vinátta getur einnig ýtt undir sterka sjálfsmynd og trú á eigin getu.

Samkennd vegna þess að við viljum hjálpa hvert öðru og það gerum við með því að læra að lesa í tilfinningar annarra og skilja þær.

Virðing vegna þess að við viljum hafa góð og jákvæð samskipti byggð á jafnréttisgrundvelli þar sem skoðanir og gildi annarra eru virtar.

Hefðir, hátíðir og menning

Í Grandaborg hafa skapast hefðir tengdar ákveðnum dögum og menningartengdum viðburðum. Ýmissa daga er minnst og þá er fáni dreginn að hún til að mynda á degi leikskólans, degi umhverfis, á degi íslenskrar tungu og á föstudegi þegar afmælisdagur barna er haldinn. Mánaðalegir afmælis dagar eru með þematengdum viðburði. Árlega er þorablót, fjölskyldumorgunstund í upphafi Þorra og Góu, einnig öskudagsskemmtun með börnum, Hrekkjavaka og jólaverkstæði með fjölskyldu barnanna. Jólaball og sumarhátíð er í samvinnu við Foreldrafélag leikskólans.

Hefð er orðin fyrir útskrift elstu barna og er þess dags beðið með mikilli eftirvæntingu í barnahópnum.

Mótun skólanámskrár

Skólanámskrá Grandaborgar er unnin út frá hugmyndum starfsfólks og rituð af stjórnendum. Skólanámskráin er lifandi skjal þar sem aðkoma kennara, barna og foreldra er mikilvæg. Í upphafi leikskólagöngu barns eru foreldrar spurðir hvaða vonir þeir binda við leikskólann og hvaða færni og þekkingu þeir vilja að barnið þeirra öðlist. Helstu niðurstöður hafa verið að foreldrar vilja að barninu þeirra líði vel, sé í öruggu umhverfi, fái að þroskast og eignist vini. Þegar barn er spurt hvað það vilji læra í leikskólanum er svarið að þau vilji eignast vini og leika sér. Kennarinn er jafnframt grunnurinn að því að barnið finni fyrir öryggi og líði vel í leikskólanum, að hann njóti þess að vera samvistum við börnin og leiki sér í vinnunni.

Við mótun skólanámskrárinnar er tekið mið af þessum þáttum og þannig er aðild barna, foreldra og kennara að skólanámskrá Grandaborgar sem er alltaf í stöðugri þróun og mótun í takt við nýjungar í námsumhverfi barna.

Aðkoma barna er sýnileg með þeim hætti að við framkvæmd endurmats, þá eru þættir sem tengjast námsviðum leikskólans ígrundaðir með börnunum og þeirra sjónarmið er haft til hliðsjónar við endurmat á skólanámskrá.

Hlutverk foreldraráðs við mótun skólanámskrár er að koma með tillögur meðan á vinnu stendur, yfirlestur og heildarumsögn að vinnu lokinni.

Hugmyndafræði og áherslur í skólastarfi Grandaborgar

Í Grandaborg er unnið úr frá stefnu Heilsuleikskólans, hugmyndafræði John Dewey um reynslu og virkni og þarfapíramída Abraham H. Maslow.


Stefna heilsuleikskóla tekur mið Aðalnámskrá leikskóla. Höfundur heilsustefnunnar er Unnur Stefánsdóttir (1951-2011), en hún var leikskólastjóri í leikskólanum Skólatróð í Kópavogi frá árinu 1995. Ári síðar eða árið 1996 varð breyting á starfsháttum leikskólans Skólatróð þegar heilsuleikskólinn tók til starfa. Eitt af markmiðum stefnunnar er að stuðla að jákvæðu viðhorfi gagnvart heilsusamlegum lífsstíl. Yfirmarkmið stefnunnar hefur alltaf verið: að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik (Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir, 2006).

John Dewey (1859 – 1952) lagði áherslu á að umhverfið væri jákvætt, vingjarnlegt og kennarinn vinsamlegur leiðbeinandi. Dewey benti á að börn læra af reynslu, eigin virkni og áhuga en ekki kennslu. Mikilvægt er að gefa á barninu tækifæri til að vinna úr reynslu sinni, leika og gera tilraunir með efnivið sem gefur ekki fyrir fram ákveðnar lausnir. Ferlið sjálft sé lærdómsríkara en útkoman. Styðja ætti við áhuga barnsins, forvitni og gagnrýna hugsun.

Samkvæmt kenningum John Dewey er leikurinn helsta námsleið barnsins, leið til menntunar og þroska. Hann er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, öðlast sjálfstæði, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn.

Dewey hafði þá trú að skapandi vinna veki áhuga barnanna, leiði til virkrar og skýrrar hugsunar og börnin læri þannig af reynslu en ekki kennslu. Hlutverk kennarans er því að skapa hvetjandi og lærdómsríkt umhverfi, leiða börnin í þekkingarleit þeirra, spyrja opinna spurninga, þannig að börnin tengi reynslu sína við nýja uppgötvun, í stað þess að gefa tilbúna lausnir (Jóhanna Einarsdóttir, 2010).

Hugmyndafræði **Abraham H. Maslows** (1908 – 1970) um þróun sjálfsmýndar er stigskipt (þarfapíramídi) og snýst um að grunnþörfum hvers stigs sé mætt. Sé fyrsta stigi náð þá knýr það barnið á næsta stig og svo koll af kolli. Stigin eru líkamlegar þarfir, öryggisþörf, umhyggja/kærleikur, sjálfsvirðing og virðing frá öðrum sem eflir sjálfstæði einstaklingsins til að nýta hæfileika sína í samræmi við getu og þroska. Maslow taldi að barn gæti ekki náð upp á fimmta stig og fái notið sín sem fullmótaður einstaklingur nema að kröfum hinna fjögurra væri fullnægt (Maslow, 1954/1987).



Samskipti í daglegu lífi í leikskólanum mótast mikið af þessum kenningum.

Námsumhverfi Grandaborgar


Námsumhverfi barna er mótað af mörgum þáttum t.a.m. húsnæði og búnaði, leikvelli og öðru nærumhverfi. Umhverfið skiptir miklu máli í námi barnanna og þarf hönnun þess, nýting og skipulag að taka mið af reynslu, áhuga og þroska ólíkra barna. Þegar námsumhverfi leikskóla er skipulagt þarf að hafa í huga hver markmið leikskólastarfsins eru ekki síður en notagildi og fagurfræðileg sjónarmið.

Umhverfið þarf að vera spennandi en jafnframt öruggt, heilsusamlegt en einnig hvetjandi og áhugavert. Mikilvægt er að umhverfið geti verið sveigjanlegt og möguleiki fyrir hendi að það nýtist á ýmsa vegu. Efniviður þarf að vera margbreytilegur, opinn og þroskandi og höfða til mismunandi skynjunar. Hann þarf einnig að ýta undir forvitni barna og örva þau til rannsókna, kannana, sköpunar og tjáningar.

Leikur og nám

Leikurinn er órjúfanlegur þáttur í lífi barna og þungamiðja leikskólastarfs. Leikurinn fléttast inn í allt daglegt líf og áhersla er lögð á vandaðan efnivið sem eflir ímyndun, færni og sköpunarmátt. Leikinn er að finna í allri sinni fjölbreyttu mynd þegar kemur að námi barna. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er eðlilegt tjáningarform þeirra.

Börn læra nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit til hvors annars. Þau læra ákveðnar samskiptareglur og það að virða rétta annarra til jafns við sinn eigin rétt. Út frá leiknum sprettur síðan ný þekking, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni.



Sköpunarverk barna

Lífsleikni

Lífsleikni byggir á alhliða þroska barnsins, færni þess til samskipta, rökrænnar tjáningar, sem og að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Lífsleikni fléttast inn í allt starf leikskólans, daglegt líf, grunnþætti menntunar sem og námssviðin. Börnin fá tækifæri til að æfa sig í samskiptum, efla vináttu, samkennd og virðingu. Leikskólanum ber að setja reglur sem gilda eiga í barnahópnum og útskýra tilgang þeirra.

Börnin eru hvött til að tjá skoðanir sínar og vera þátttakendur í skipulagi leikskólastarfs. Með því að temja sér lýðræðisleg vinnubrögð læra börnin að leysa hin ýmsu mál og deilur á friðsamlegan hátt. Þau læra að taka tillit, sýna umburðarlyndi gagnvart ólíkum skoðunum, menningu og reynslu, þekkja sinn innri mann, styrkja sjálfstraust sitt, auka færni sína til samskipta og umgengi við leikfélagana. Um leið læra þau að virða lífsgildi, venjur og hefðir sem ríkja í leikskólanum sem og samfélaginu og síðast en ekki síst að bera virðingu fyrir náttúrunni, umhverfinu, dýrum og jurtum.

Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti

Með hliðsjón af „Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna“ (e.d) og Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar (2018) þá er starfsháttum í Grandaborg háttað þannig að börn og kennarar eru hvött til að rækta hæfileika sína og persónu þroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjamunda. Stuðlað er að því að raddir barna heyrist með því að vera þátttakendur í ákvarðanatöku leikskólastarfsins, meðal annars í daglegu starfi og skipulagi. Þau hafa áhrif á hvaða viðfangsefni eru í boði í frjálsum leik, lýðræðisleg kosning er um hádegismat á afmælisföstudegi, svo eitthvað sé nefnt.

Börn fá að njóta sín sem einstaklingar, áhersla lögð á að þau velji viðfangsefni eftir áhuga en ekki eftir staðalímyndum sem og að öll styrking til jákvæðra samskipta endurspeglast í gagnkvæmri virðingu, vináttu og samkennd.

Umhverfismennt

Útinám og umhverfismennt er einn af aðalþáttum í leikskólastarfi Grandaborgar. Í þeim stundum er lögð áhersla á að börnin verði læs á umhverfi, hvort sem það er nærumhverfi leikskólans eða aðrir staðir sem heimsóttir eru.

Skipulag útináms tekur mið af þemu skólaársins og aldri barna. Í útinámi læra börnin að upplifa, skilja og skoða umhverfi sitt, beita gagnrýnni hugsun og spyrja spurninga.



Útinám í verki

Barn segir: „ég er með dúkkubarn í maganum mínum en það er ekki tilbúið“

Hlutverk kennarans

Kennarar í Grandaborg gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfinu. Þeir eru fyrirmynd og leitast við að skapa jákvæðan skólabrag. Einnig hvílir á þeim sú skylda að miðla þekkingu til nemenda, veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði og efla frjóa hugsun. Kennarinn skipuleggur leiksvæði með fjölbreytileikann í huga og hvetur börnin til að skapa, gera tilraunir og finna lausnir.

Kennarinn á að fylgjast vel með leiknum og vera viðbúinn að taka þátt ef nauðsyn þykir. Það er til að örva leikinn eða vera virkir þátttakendur, en þá á forsendum barnanna. Með því veitir kennarinn börnunum ákveðið öryggi vegna þess að hann er til staðar ef börnin þurfa á að halda. Hann getur svarað spurningum ef einhverjar vakna, frætt börnin, jafnvel spurt opinna spurninga sem eflir börnin í að leysa ágreining sín á milli.



Kennarinn gegnir mikilvægu hlutverki í námi sérhvers barns

Grunnþættir menntunar

Eins og annarra leikskóla byggir skólanámskrá Grandaborgar á sex grunnþáttum menntunar eins og hún er sett fram í Aðalnámskrá leikskóla og fléttast þeir þættir inn í allt starf leikskólans. Þeir tengjast innbyrðis og eru háðir hver öðrum. Grunnþættirnir birtast í starfsháttum, viðhorfi, samskiptum og skólabrag. Grunnþættirnir eru: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Í Aðalnámskrá leikskóla 2011 segir um grunnþætti menntunar:³

Læsi

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

Sjálfbærni

Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og heilbrigði; og efnahagsþróun og framtíðarsýn.

³ Aðalnámskrá leikskóla, 2011 bls. 14-22

Heilbrigði og velferð

Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan enda verja börn og ungmenni stórum hluta dagsins í skóla Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum.

Lýðræði og mannréttindi

Lýðræði er mikilvægt á vettvangi skólans Viðhorf, gildismat og siðferði eru ríkir þættir í lýðræðismenntun jafnframt því sem þau atriði fléttast saman við aðra grunnþætti menntunar. Skólum ber að rækta það viðhorf að samfélagið eigi að vera lýðræðislegt og einstaklingarnir gagnrýnir og með framtíðarsýn.

Jafnrétti

Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.

Sköpun

Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika.



Grunnþættir menntunar

Námssvið leikskólans

Í Grandaborg er unnið með námssviðin samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla og Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Námsvið og stefna eru samofin öllum þáttum leikskólastarfsins. Námssviðin eru; læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Grundvallarþættir menntastefnunnar eru; félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði, sem fléttast inn í alla námsþætti. Lesið í leik – læsisstefna leikskóla, er byggð upp á lögum og aðalnámskrá og er sú stefna samofin öllu starfi okkar í Grandaborgar⁴. Lögð er áhersla á upplifun og tilfinningar til að efla þekkingu, leikni í daglegu starfi auk þess að ná færni í að lesa í umhverfi sitt.

Læsi og samskipti

Læsi í leikskóla felur í sér þekkingu, leikni og hæfni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt (Aðalnámskrá, 2011, bls.42).

Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu (Látum draumana rætast, 2019).

Læsi felur í sér ýmislegt í víðum skilningi. Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig og eiga í samskiptum. Lögð er áhersla á aukningu orðaforða í gegnum aðferð sem þróuð hefur verið í leikskólanum Tjarnarseli og kallast *Orðaspjall*⁵. Hlutverk kennarans er að lesa bók og velja orð sem unnið er með eftir fjölbreyttum leiðum. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta og í leik eykst félagsfærnin og sjálfsmynd þeirra styrkist. [Gefðu 10](#) er aðferð sem notast er við í Grandaborg gagnvart öllum börnum til að styrkja þau í að eiga í samskiptum, tjá sig og læra móðurmálið eða íslensku sem annað tungumál.



“Gefðu 10“ er góð leið til að styrkingar á notkun íslenskrar tungu.

⁴ Lesið í leik – læsisstefna leikskóla (2013)

⁵ Árdís H. Jónsdóttir (2013)

Málörvun:	Málörvun fer fram í öllu starfi. Bækur, sem eru krefjandi, fræðandi og uppbyggjandi, er lesnar á hverjum degi í skipulögðum stundum og í einstaklingsþjálfun. Samræður fara fram við daglegar athafnir um viðfangsefni og upplifun líðandi stundar. Leikið er með orð og rím, unnið með sögur, vísur og texta úr bókum. Börn eru hvött til að koma með bækur að heiman og er unnið með orðin í hverri bók fyrir sig m.a. í gegnum <i>Orðaspjallsaðferðina</i> . Bækur eru hafðar aðgengilegar í bókakrókum á öllum deildum. Reglulega er farið á bókasöfn.
Ritmálið:	Ritmálið er sýnilegt í leikskólanum, með því að merkja leiksvæði, leikefni og flest það sem hefur einhvern tilgang að merkja. Leikefni sem er í boði er margskonar og hvetur það til notkunar á ritmáli t.d. pappír, ritföng og bækur sem innihalda bók- og tölustafi.
Frjáls leikur	Frjáls leikur býður upp á eflingu félagsfærni. Mál og læsi er að stórum hluta félagslegt nám sem byggist upp í samskiptum og samræðum um viðfangsefni þar sem skilningur og ný þekking er markmið ⁶ . Börnin skiptast á skoðunum, leysa verkefni, ágreining og þau læra að tjá sig með fjölbreyttum hætti með ólíkum efnivið. Opinn efniviður býður upp á frjálsræði í leik þar sem hugmyndaflug barnanna fær notið sín. Í frjálsa leiknum gefst tækifæri til að efla félagsfærni með því að efla samvinnu, setja sig í spor annarra og styrkja samkennd auk þess að kenna eldri börnum að vera góðar fyrirmyndir þeirra yngri. Sjálfsefning styrkist einnig í frjálsum leik barna þar sem sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu. ⁷
Umhverfið	Í Grandaborg er útinám hluti af starfsaðferðum leikskólans. Þar er lögð áhersla á fræðslu sem tengist umhverfið, hreyfingu og samvinnu. Börnunum er kennt að bera virðingu fyrir umhverfinu um leið og þeim er kennt að lesa í náttúruna og umhverfið út frá veðri og árstíðum. Markmið útináms er meðal annars að auka við orðaforða barna og rata um nánasta umhverfi.
Einkunnarorð	Einkunnarorð leikskólans koma fram með vali á þematengdu lesefni. Yfir skólaárið eru lesnar bækur, horft á mynd og sungnir söngvar sem eiga það sammerkt að hafa gildi leikskólans að leiðarljósi. Allar deildir leikskólans taka þetta verklag upp og er efnið valið út frá aldri.

⁶ Heimurinn er hér (2014)

⁷ Látum draumana rætast, 2019

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Vellíðan barns í daglegu lífi leggur grunninn að virkri þátttöku, aukinni færni og árangri í skóla- og frístundastarfi (Látum draumana rætast, 2019).

Grandaborg hefur sett sér markmið að vera heilsueflandi og í samstarfi við Heilsuleikskóla og Landlæknisembættið. Í Grandaborg er leitast eftir að skapa jákvæðan skólabrag, þar sem hlúð er að öllum einstaklingum með góðri næringu fyrir líkama og sál. Samfellu gætir milli deilda þar sem Heilsubók barnsins er höfð að leiðarljósi. Við byggjum ofan á færni barnanna sem eflist dag frá degi.



Útivera eflir heilbrigði og jákvæð samskipti

Vellíðan	Lögð áhersla á að njóta samveru á hverjum degi og þeirra augnablika sem leikskólalífið býður upp á. Samvera, hvíld og slökun er mikilvæg fyrir börn og kennara. Yngri börnin sofa en þau eldri njóta rólegrar samveru í sögustund. Við leggjum okkur fram við að hafa hollan og góðan mat þar sem fylgt er eftir stefnu Heilsuleikskóla og Landlæknisembættisins. Einu sinni í mánuði, á afmælisdegi, velja börnin hvað skal vera í hádegismat. Börnin læra um mikilvægi hreinlætis og sjálfshjálpar við daglegar athafnir. Með eldri börnum leikskólans er lögð áhersla á forvarnarstarf þar sem vellíðan barnanna er höfð að leiðarljósi. Unnið er með klípusögur, félagsfærnisögur og markvissa fræðslu um vellíðan.
Frjáls leikur	Í frjálsum leik gefst börnum tækifæri til að efla jákvæð samskipti, samvinnu, félagsfærni og lífsleikni. Fer leikurinn fram bæði innan og utan dyra. Frjáls útivera er stór þáttur í daglegu starfi Grandaborgar. Öll börn fara út einu sinni á dag allt árið (ef veður leyfir) og stundum oftar. Þegar flæði er á milli leiksvæða þá er réttur barna virtur og þau fá að velja viðfangsefni sem þau hafa áhuga á.
Hreyfing	Hreyfing er með skipulögðum hætti inni og úti en einnig í sjálfsprottnum leik. Í samræmi við stefnu Heilsuleikskóla er farið yfir þroska barna með reglulegu millibili og allar niðurstöður eru skráðar í <i>Heilsubók barnsins</i>. Í foreldrasamtölum er síðan farið yfir stöðu barnsins og framfarir. Gönguferðir eru hluti af útinámi og þá reynir á þol og úthald, hlustun, eftirtekt, samvinnu og virðingu. Í gönguferðum komast börnin í snertingu við náttúruna, skynja umhverfið sitt og læra að bera virðingu fyrir því. Í fataherbergi eflist líkamleg færni þegar þau klæðast í eða úr, við matarborðið þegar þau matast sem og í frjálsum leik.

Sköpun og menning

Menning er samofin öllu starfi leikskóla og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu (Aðalnámskrá, 2011).

Skapandi starf beinst fyrst og fremst að ferlinu sjálfu í gegnum leikinn, gleðinni, tjáningunni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fá að njóta sín (Aðalnámskrá, 2011).

Sköpun er margslungið ferli sem í grunninn byggist á forvitni, skapandi og gagnrýnni hugsun en líka á þekkingu, frumkvæði og leikni (Látum draumana rætast, 2019)

Frjáls leikur Í Grandaborg er lögð áhersla á opinn efnivið í bland við leikefni sem leiðir af sér ákveðna útkomu. Frjálsræði í leik skapast þegar börnin eiga í samskiptum sín á milli og þegar þau styrkja sitt áhugasvið. Kennarar eru til staðar og eru vakandi fyrir því að aðstoða við val á leikefni sem hæfir aldri og þroska en um leið að sjá til þess að leikefnið sé öruggt fyrir börnin. Sköpun nær flugi þar sem áskoranir eru meðal annars fjölbreyttar, spurningar eru opnar og ögrandi samskipti eiga sér stað.

Myndsköpun Í Grandaborg eiga börnin ávallt greiða leið að fjölbreyttum efnivið til myndsköpunar og tjáningar á upplifun. Pappír, litir og skæri liggja frammi og börnin eru hvött til að nýta sér þann efnivið. Sandur, steinar, garn, skeljar, verðlausar umbúðir og annar efniviður með mismunandi áferð stendur einnig til boða.



Myndsköpun í útinámi

Hver deild hefur afnot af myndlistarrými a.m.k. einn dag í viku þar sem áhersla er á verkefnavinnu sem krefst meira rýmis og efniviðar en þess sem er í boði á deildum.

Tónlist Söngur er mikilvægur þáttur í sköpun og menningu, málörvun, samvinnu og félagsfærni. Í Grandaborg er sungið á hverjum degi. Einu sinni í viku er söngstund í sal þar sem öll börn og kennarar hittast og syngja saman sönglög sem börnin eru að æfa hverju sinni. Sönglögin tengjast oft árstíðabundnu þema leikskólans. Áhersla er á að börnin læri fjölbreytta texta, þulur, romsur og sönglög sem krefjast hreyfingar. Með þulum, rími og romsum eflist hljóðkerfisvitund barna. Hlustað er á tónlist ætlaða börnum á ýmsum tungumálum til að sýna börnum fram á fjölbreytileikann í barnahópnum. Hljóðgjafar eru í boði og börnin fá að prófa t.d. hristur, trommur, þríhorn og fleira.

Menning

Í Grandaborg er farið í heimsóknir á söfn og ýmsar stofnanir sem auka víðsýni barnanna og efla áhuga þeirra á menningu og listum. Oft eru heimsóknirnar í tengslum við þemavinnu skólaársins. Eldri börnin fara í lengri ferðir t.a.m. á Árbæjarsafnið og þau yngri nýta sér söfn og menningarsetur sem er í nánasta umhverfi t.d. Listasafn Reykjavíkur.

Við fáum til okkar leikhópa og við förum á sýningar þegar okkur stendur það til boða.

Um leið og börnin fá að upplifa menningu í nánasta umhverfi er þeim kennt að bera virðingu fyrir umhverfinu og fá fræðslu hvert þeirra hlutverk er varðar menningarlega framtíð.



Tónlist og sköpun er stór þáttur í starfi leikskóla

Sjálfbærni og vísindi

Menntun í sjálfbærni miðar að því að gera fólki kleift að takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis, félagslegra þátt og efnahags í þróun samfélags (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Menntunin birtist meðal annars í efnivið sem notaður er í leikskólanum í skapandi starfi, endurvinnslu og endurnýtingu, innkaupum og lýðræðislegum vinnubrögðum.

Leikskólinn er í því hlutverki að styðja við börn þannig að ýtt sé undir forvitni og að þau ígrundi. Að fróðleiksporsti þeirra eflist en um leið hlustar kennarinn eftir hvað börn eru að fást við og hvernig þau átta sig á og skilja hlutina sem í kringum þau er. Efla þau í samræðum um sjálfbærni, ákvarðanatöku, fjölmennningarlegum verkefnum og umhverfismennt.

Frjáls leikur Í Grandaborg er börnum boðinn efniviður sem hvetur þau til að framkvæma tilraunir, takast á við stærðfræðihugtök og þekkja eiginleika ýmissa efna og hluta. Efniviður eins og seglar, pappír, leir, tölustafir og vatn bjóða upp á þessar tilraunir.

Umverfismennt Endurvinnsla á pappír, umbúðum er með þeim hætti að hann nýtist í frjálsum leik og skapandi starfi. Á öllum deildum er pappír, plast og matarafgangar flokkaðir. Lögð er áhersla á að hafa umhverfi leikskólalóðar og nánasta umhverfis snyrtilegt. Í kringum „Dag umhverfis“ fer fram tiltekt á lóð leikskólans og svæði í kringum lóðina.

Vettvangsferðir Þar sem útinám er fastur liður í starfsemi Grandaborgar þá fer hver deild a.m.k. einu sinni í viku í ferðir út fyrir lóð leikskólans. Þessar ferðir eru mikilvægur hlekkur í öllu námi barnanna og ekki síður í sambandi við umhverfismennt. Yngri börnin fara í styttri ferðir sem síðan lengjast með aldri og þroska. Nánasta umhverfi er heimsótt og eru fjörur vesturbæjar vinsælir áfangastaðir, þar sem allt iðar af lífi. Eldri börnin hafa tök á að heimsækja endurvinnsluna og kynnast hringrás náttúrunnar. Öll börn tileinka sér náttúruvernd með því að hreinsa, eins vel og kostur er, þau svæði sem þau heimsækja eða kynna sér. Lögð er áhersla á að börnin fái margvísleg tækifæri til að skoða, skilgreina og gera tilraunir í vettvangsferðum. Þau vinna til að mynda með málningu og ís/snjó og efnivið og náttúruæfni.



Vettvangsferðir eru ávallt fræðandi

Samskipti og samstarf


Kennarar og börn

Í Grandaborg gefa kennarar sér tíma til að hlusta á börnin, leiðbeina þeim og vinna með þeirra hugmyndir. Þeir bera virðingu fyrir öllum börnum, sýna þeim umhyggju og mæta hverju barni eins og það er. Kennarar eru til staðar og hvetja börnin áfram í leik og eiga við þau jákvæð samskipti.

Einkunnarorð Grandaborgar, *vinátta, samkennd, virðing*, endurspeglast í samskiptum milli kennara. Við erum fyrirmyndir og starf okkar einkennist af áhuga og gleði. Við temjum okkur heiðarleg og jákvæð samskipti og við virðum þann mannauð sem er til staðar í kennarahópnum. Við erum einnig opin fyrir fjölbreytileikanum og að við getum lært hvert af öðru.

Í Grandaborg hefur kennara-/starfsmannahópurinn gert með sér samskiptasáttmála sem endurspeglast meðal annars í framkomu við hvert annað, starfsháttum með börnum og um leið verkfæri til að vera góðar fyrirmyndir gagnvart börnunum.

Í Grandaborg er mikil áhersla lögð á félagslegt læsi og góða félagsfærni. Börnin fá tækifæri til að kynnst hvert öðru á þeirra forsendum og fá aðstoð strax við upphaf leikskólagöngu að efla með sér færni til góðra samskipta þannig að líðan þeirra verði sem best. Í þeirri færniþjálfun er kennarinn fyrirmyndin. Í góðum samskiptum endurspeglast einkunnarorð leikskólans.



Hann er nammisjúkur og geggjáður með pipuhuttinn.



Hún er í bullett og fimleikum. Hún er að fara út í búið til að kaupa nammí, ís og epli.



Hann elskar að klífa upp í tré. Hann er lögga. Hann á hund.

Ímyndunaraflið virkjað

Foreldrar

Í Grandaborg er lögð áhersla á jákvæð samskipti við foreldra og að þau einkennist af gagnkvæmri virðingu og trausti. Sameiginlegar ákvarðanir eru teknar, er varða börnin, og leitast er við að upplýsa foreldra um barnið og leikskólastarfið daglega eða með reglulegum hætti eins og vikulegum fréttapóstum. Hlustað er á viðhorf og hugmyndir foreldra.

Við upphaf skólagöngu er kynning á leikskólanum og þeirri hugmyndafræði og starfsaðferðum sem unnið er eftir. Þegar barn byrjar í Grandaborg þá er aðlögunartíminn mikilvægur vegna þess að foreldrar, barn og kennarar eru að kynnast.

Þátttaka foreldra í leikskólastarfi Grandaborgar er fagnað og mikilvægt er að foreldrar séu sýnilegir.

Við leikskólann er starfandi Foreldrafélag og foreldraráð með fulltrúum foreldra af öllum deildum. Helstu verkefni foreldrafélagsins eru að standa fyrir og skipuleggja skemmtanir og viðburði í leikskólanum í samstarfi við kennara og stjórnendur.

Hlutverk foreldraráðs er lögbundið samkvæmt lögum um leikskóla og hefur það meðal annars það hlutverk að gefa umsagnir og fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.⁸



Viðburðir í boð foreldrafélagsins

Umræður við matarborðið á Ölduvík um lund → Rósalundur, Sigdísarlundur, Dagbjartarlundur. Þá kom röðin að einum dreng sem breytti til og sagði „Nautalundur“

⁸ Aðalnámskrá leikskóla 2011

Stjórnun

Í Grandaborg er lögð áhersla á jákvætt samstarf allra aðila um málefni leikskólans. Stjórnun hans einkennist af gagnkvæmri virðingu, trausti og trú á getu kennara, starfsfólks, barna og foreldra.

*Gerðu daginn að góðum degi og eftirminnilegan fyrir aðra,
finndu leiðir til að leika þér, vertu til staðar fyrir aðra þegar
þeir þarfnast þín mest, veldu þér viðhorf og veldu það
skynsamlega því líf þitt veltur á því.*

Stjórnunarteymi leikskólans er skipað skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, sérkennslustjóra og deildastjórnum.

Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og sérkennslustjóri bera ábyrgð á faglegu starfi leikskólans í heild og eru með ráðgjöf til kennara og annars starfsfólks. Deildastjórar bera ábyrgð á faglegu starfi sem og starfsmannahaldi deilda.

Starfsmannastefna

Starfsmannastefna Grandaborgar endurspeglar einkunnarorð leikskólans, vinátta – samkennd – virðing. Lögð er áhersla á jákvæð og góð samskipti og öflugt samstarf í starfsmannahópnum, gagnvart börnunum og foreldrum þeirra sem og þeim sem við eigum í samskipti við. Til að mynda virðum við hvert annað, við hrósum hvert öðru þegar vel gengur og við sýnum ávallt hvert öðru skilning, tillitssemi og kurteisi.

Sáttmáli Grandaborgar

Starfsmannahópurinn hefur gert með sér sáttmála og á hann að auðvelda hópnum að eiga í góðu samstarfi, sýna hvert öðru stuðning, virðingu og vinsemd. Innihald sáttmálans er tekin upp úr bókinni *Fiskur*⁹ og er eftirfarandi;

⁹ Lundin o.fl. (2005).

Samstarf við leikskóla

Samstarf er á milli leikskóla sem eru með Grandaskóla sem heimaskóla. Eru það Grandaborg, Gullborg og Ægisborg. Gagnkvæmar heimsóknir eru á milli þeirra og þá helst með elstu börn leikskólans, á hverju skólaári. Samstarfið hefur þróast í jákvæða átt út frá samstarfsverkefni Grandaskóla, Grandaborgar, Gullborgar og Ægisborgar á árunum 2015 – 2017 og kallaðist það *Læsi í leiðinni*.

Samstarf við grunnskóla og frístund

Markvisst samstarf er á milli Grandaskóla og Grandaborgar. Markmið með samstarfinu er að auðvelda börnum að flytjast á milli skólastiga.

- Skólastjórnendur og kennarar samstarfsskólanna (Grandaborg, Gullborg, Ægisborg og Grandaskóli) hittast að hausti til að meta og skipuleggja samstarfið fyrir hvert skólaári í senn.
- Heimsóknir eru gagnkvæmar milli skólastiga. Nemendur úr 1. bekk heimsækja leikskóla á haustdögum en leikskólarnir heimsækja grunnskólann á vordögum. Farið er inn í kennslustofur, kynnt er fyrir börnunum ýmsar sérgreinar t.a.m. myndlist og tónlist, farið er í íþróttatíma og einnig er frístundaraðstaða skoðuð.
- Nokkrar heimsóknir eiga sér stað frá desember og fram á vordaga. Viðfangsefni heimsókna fer það eftir vettvangi hverju sinni. Ekki er farið í heimsóknir í aðra grunnskóla en lóðir annarra grunnskóla í hverfinu eru skoðaðar til að kynna fyrir þeim börnum sem í þá fara.
- Í lok skólaárs hittast skólastjórnendur, sérkennslustjórar, deildarstjóri elstu barna Grandaborgar, grunnskólakennara auk aðila frá frístund og bera saman bækur til að auðvelda flutning milli skólastiga.
- Það sem fylgir börnum milli skólastiga eru almennar upplýsingar um barnið, niðurstöður úr Hljóm2 og EFI. Allir foreldrar eru upplýstir um það sem fylgir börnum á milli skólastiga.
- Í skóladagatali eru þrír af þeim sex skipulagsdögum Grandaborgar áætlaðir á sama tíma og skipulagsdagar í Grandaskóla.



Íþróttatími í Grandaskóla


Samstarf við nærsamfélag

- Í gegnum árin hefur Grandaborg verið í samstarfi við stofnanir og félagshópa í grennd við leikskólann.
- Samvinna við KR íþróttahús þar sem elsti árgangur Grandaborgar stendur til boða að fara minnsta kosti 1x viku í íþróttatíma.
- Til margra ára hefur verið samstarf við Aflagrandu 40, sem er miðstöð eldri borgara í hverfinu. Samstarfið hefur verið mismunandi milli ára sem felst meðal annars í heimsóknnum í kringum jól og á vorin.
- Reglulegar heimsóknir á bókasöfn, annars vegar á vegum borgarinnar og hins vegar á bókasafnið á Seltjarnarnesi.
- Söfn víðsvegar um borgina eru heimsótt og er það hluti af kynningu til barna á menningu og um leið færni í menningarlegu læsi.
- Í lífi hvers barns eru áhrifavaldar margir og þegar barn fer á milli skólastiga fjölga þeim.
- Dunlop og Fabian (2002) benda meðal annars á að farsæll flutningur og samfella gegni lykilatriði í gengi barna í gegnum skólagöngu.



Heimsókn á Borgarbókasafnið

Gagnvirk tengsl þurfi að vera á milli barnsins, fjölskyldunnar, skóla og samfélagsins. Fyrir vikið er mikilvægt að auðga öll tengslanet í lífi barna, meðal annars með góðu samstarfi, og byrja það samstarf í leikskóla.



Yfirlýsing Dunlop og Fabian

Menntun án aðgreiningar er samfelld ferli sem hefur það að markmiði að bjóða upp á góða menntun fyrir öll börn. Fjölbreytileiki í barna- og starfsmannahópnum er til staðar og honum ber að sýna virðingu, sérstaklega vegna mismunandi þarfa, hæfileika og einkenna einstaklinga¹⁰. Fjölbreyttir starfs- og kennsluhættir eru mikilvægir til að ná árangri í vinnu með fjölbreytta barnahópa og í Grandaborg er meðal annars unnið út frá könnunaraðferðinni til að auka við orðaforða¹¹

Við þjónustumiðstöð Vestur, eru sérkennsluráðgjafar, talmeinafræðingar, hegðunarráðgjafar og félagsfræðingar. Kennarar og foreldrar geta nýtt sér þessa þjónustu, ef á þarf að halda.

Í Grandaborg er stöðugildi fyrir sérkennslustjóra í 75 % starfshlutfalli og er hans megin hlutverk að halda utan um sérkennslu í Grandaborg. Mismunandi er á milli ára hversu mörg stöðugildi eru í leikskólanum sem sinna einstaklingsþjálfun og sérstakri málörvun.



Fjölmenning í leikskólum Reykjavíkur

¹¹ Heimurinn er hér, 2014

Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt, að börn fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla (Aðalnámskrá leikskóla, 2011). En um leið stuðlar mat að umbótum og auknum gæðum á leikskólastarfi. Matinu er skipt í innra mat og ytra mat. Mat á skólastarfi er unnið með hliðsjón af lögum og reglugerðum og Aðalnámskrá leikskóla.

Mat á námi og velferð barna

Mat á námi og velferð barna fer fram með öflun upplýsinga, annars vegar með ákveðnum athugunarlistum, [EFI](#), [Hljóm2](#) og hins vegar í gegnum [Heilsubók barnsins](#), þar sem almennir þroska þættir, til að mynda félagsfærni, frumkvæði, tjáning og samskipti er metin. Einnig er þroski barna metinn í gegnum samtöl kennara á deildarfundum, starfsmannafundum og á fundum með þjónustumiðstöð hverfisins. Gagnvart tvítyngdum börnum er notast við [Orðaskil \(málþroskapróf í formi gátlista\)](#). Einnig eru samtöl við foreldra aðferð til að meta framgang náms og velferðar hjá hverju barni fyrir sig.

Innra mat

Í Grandaborg fer fram reglubundið endurmat á starfi leikskólans. Við mótun innra mats er stuðst við „[VIÐMIÐ OG VÍSBENDINGAR fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs](#)“ (2014) og „Barnið í brennidepli“ (2005) auk annarra verkfæra í daglegu starfi t.a.m. myndrænar skráningar og spurningalistar.

Matið fer fram með kennurum á skipulagsdögum og deildarfundum. Með spurningalistum og í samtölum kennara/starfsmanna og stjórnanda. Foreldrar taka þátt í mati á starfsemi leikskólans í gegnum foreldrasamtöl sem eru a.m.k. einu sinni á ári. Aðkoma barna að mati á leikskólastarfi fer fram meðal annars í daglegu starfi við matarborðið, í samverustundum úti og inni og með spurningalistum fyrir hvert barn fyrir sig.

Aðkoma barna að mati á skólastarfi er í gegnum spurningalista sem þau vinna í samvinnu með foreldrum. Farið er yfir matið í foreldrasamtali að vori.

Í starfsáætlun fyrir hvert skólaár er sett fram áætlun hvernig innra mat á skólastarfi Grandaborgar fer fram.

Í starfsáætlun hvers skólaárs fyrir sig er einnig sýnileg áætlun um innra mat til fjögurra ára í senn.

Ytra mat

Ytra mat er unnið af utanaðkomandi aðila, til að mynda SFS eða Menntamálastofnun.

Jafnframt eru viðhorfskannanir á vegum SFS lagðar fyrir reglulega, fyrir bæði kennara og starfsmenn, sem og foreldra.

Við ytra mat getur verið stuðst við margs konar upplýsingar t.d. námskrá leikskólans, innra mat og starfsáætlun. Sérstök nefnd ber ábyrgð á að skólastarf sé metið með hliðsjón af aðstæðum og sérstöðu hvers leikskóla.

Áætlun um innra mat

Viðfangsefni	2021-2022	2022-2023	2023-2024
Stjórnun			
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi		x	
Stjórnun leikskólans og daglegu rekstur			x
Faglegt starf	x		
Leikskólaþróun og starfsþróun		x	
Uppeldis- og menntastarf			
Skipulag náms og námsaðstæður			x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnréttir og þátttaka barna	x		
Námssvið leikskólans			x
Leikskóli án aðgreiningar	x		
Mat á námi og velferð barna	x		
Mannauður			
Hlutverk leikskólakennarans		x	
Fagmennska starfsfólks – SFS	x	x	x
Starfsánægja – SFS	x	x	x
Leikskólabragur			
Viðmót og menning	x		
Velferð og líðan barna	x		
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun		x	
Viðhorf foreldra – SFS	x	x	x
Innra mat			
Framkvæmd		x	
Gagnaöflun og vinnubrögð		x	
Opinber birting og umbætur		x	

Heimildir

- Aðalnámskrá leikskóla. Almennur hluti* (2011). Reykjavík. Menntamálaráðuneytið.
- Árdís Hrönn Jónsdóttir. (2013). *Orðaspjall*. Reykjanesbær. Leikskólinn Tjarnarsel.
- Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna* (e.d). Sótt 5. júlí 2018 af <http://barnasattmali.is/>
- Dunlop, A. –W. og Fabian, H. (2002). *Transition in the early years: Debating continuity and progression for children in early education*. London: Routledge/Falmer.
- Guðlaug Sjöfn Jónsdóttir. (2006). *Heilsustefnan. Heilsuleikskólinn Urðarhóll. Heimurinn er hér. Stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf*. (2014). Reykjavík. Skóla- og frístundasvið.
- Hildur Skarphéðinsdóttir. (2005). *Barnið í brennidepli: sjálfsmat í leikskóla*. Reykjavík. Hildur Skarphéðinsdóttir.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2010). *Reynsla og nám barna. Í Jóhanna Einarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), John Dewey í hugsun og verki. Menntun, reynsla og lýðræði* (bls. 57-73). Reykjavík: RannUng, Heimspekistofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Látum draumana rætast. Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030* (2019). Reykjavík. Skóla- og frístundasvið.
- Lesið í leik – læsisstefna leikskóla*. (2013). Reykjavík. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.
- Lundin, Stephen C., Christensen, John og Paul, Harry. (2005). *Fiskur, einstök leið til að auka vinnugleði og bæta starfsárangur*. (Sigríður Á. Ásgeirsdóttir þýddi). Reykjavík: Salka.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008*
- Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar*. (2018). Reykjavík. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar.
- Menntun fyrir alla á Íslandi- úttekt á framkvæmd stefnu um menntun án aðgreiningar á Íslandi. Lokaskýrsla* (2017). Reykjavík. Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Maslow, A. H. (1954/1987). *Motivation and personality*. New York: Harper & Row.
- Viðmið og vísbendingar, fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs* (2014). Reykjavík. Skóla- og frístundasvið.

Myndaskrá

- Menntastefna Reykjavíkurborgar.....	1
- Þarfapíramídi Maslow	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
- Þarfapíramídi Maslow	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
- Sköpunarverk barna	5
- Útinám í verki	6
- Kennarinn gegnir mikilvægu hlutverki í námi sérhvers barns.....	7
- Grunnþættir menntunar	8
- "Gefðu 10" er góð leið til að styrkingar á notkun íslenskrar tungu.....	9
- Útivera eflir heilbrigði og jákvæð samskipti	11
- Myndsköpun í útinámi.....	12
- Tónlist og sköpun er stór þáttur í starfi leikskóla	13
- Vettvangsferðir eru ávallt fræðandi	14
- Ímyndunaraflíð virkjað	15
- Viðburðir í boð foreldrafélagsins.....	16
- Íþróttatími í Grandaskóla	18
- Heimsókn á Borgarbókasafnið	19
- Yfirfærslulíkan Dunlop og Fabian	19
- Fjölmennungur í leikskólum Reykjavíkur.....	20
- Sköpunarverk barna	25



Sköpunarverk barna